

Inspera leiðbeiningar - Nemendur



Athugið vel að nauðsynlegt er að koma með tölvu (PC/Mac). Spjaldtölvur og símar virka ekki.

Þegar farið er í að skrá sig inn þá þarf að fara inn á vefslóðina flensborg.inspera.com og ýta þar á „Log in with SSO.“

Loka þarf öllum forritum í tölvunni áður en próf er opnað, sérstaklega Steam og Discord, þar sem prófin eiga það til að opnast ekki ef önnur forrit eru opin.

Welcome to Candidate login!

Log in with SSO

Or log in with registered Inspera user credentials ▾

Þar þarf síðan að skrá sig inn með Flensborgarskóla netfangi sem er þínkennitala@nff.is (t.d. 0101012900@nff.is)

Þegar innskráningin er komin þá ætti útlitið að vera svona:

Opna próf í Inspira - leiðbeiningar

Þegar búið er að skrá þig í próf þá ættir þú að sjá það undir „*upcoming tests*“ eða „*próf framundan*.“

Ef vefsíðan er á ensku þá er gott að fara í kallinn uppi í hægra horninu  og þar undir „*language – english*“ er hægt að skipta yfir í „*icelandic*“ og vefsíðan verður þá öll á íslensku:

Welcome ✕

Nafn nemanda

1

 Language - English ▼

English ✓

Icelandic 2

Þegar þú ert tilbúin/n/ið í prófið þá smellir þú á bláa hnappinn undir nafninu á prófinu eins og á myndinni hér fyrir neðan:

EINSTAKLINGUR OPID 🔄 Opnaði fyrir 2 mínútum síðan

Nafn Prófs

 Dagsetning/tímasetning prófs

🔔 Þetta próf krefst Safe Exam Browser

Tilbúið/n/nn? Smelltu hér ➔

Þegar þú er að gera það þá kemur upp þessi melding (*sjá mynd fyrir neðan*), ef það er ekki búið að sækja **Safe Exam Browser** þá þarf að ýta á „Sækja SEB“ takkann sem er neðst:

! Vafrinn þinn er ekki réttur. Láttu Inspira ræsa Safe Exam Browser

Ég er með Safe Exam Browser uppsettan:

Opna prófið í Safe Exam Browser

Við það að opna prófið læsist tölva þín í Inspira prófaham og verður læst þar til þú hefur lokið próftöku.

Öllum virkum vafragluggum verður lokað.

ATH: Þú verður beðið/n/nn um SEB lykilorð innan SEB vafrans.

Ég er ekki með Safe Exam Browser uppsettan:

⬇ Sækja SEB

Einnig er hægt að sækja Safe Exam Browser hér:

https://safeexambrowser.org/download_en.html (Passa vel að velja útgáfu fyrir rétt stýrikerfi:

Windows:

Windows

⬇ Safe Exam Browser 3.9.0 for Windows

Current version for Windows 10 (Version 1803 or newer) and Windows 11
Build 3.9.0.787 - SHA1: 0077542b2dd765ff59b92ef4cf8091e6a75ba224

Mac:

macOS

⬇ Safe Exam Browser 3.5.4 for macOS

Current version of Safe Exam Browser for macOS 15, 14, 13, 12, 11

Þegar **Safe Exam Browser** er sóttur í gegnum Inspira þá þarf að passa að velja installer fyrir rétt stýrikerfi:

Safe Exam Browser

×

Safe Exam Browser er vafri sem er sérstaklega þróaður til að framkvæma öruggar prófanir.

Þetta próf krefst þessa vafra og þú setur hann upp eins og venjulegt forrit.

1. Sæktu öruggan prófvafra:

 Windows

 macOS

Safe Exam Browser er dreift í gegnum Mozilla Public License (MPL)
- ATH ekki nota tengil:www.safeexambrowser.org

2. Settu upp Safe Exam Browser


Loka

Á næstu síðu eru upplýsingar um hvernig Safe Exam Browser er sóttur fyrir hvert stýrikerfi.

Fyrir Windows:

Installer mun koma upp uppi í hægra horninu á þeim vafra sem er verið að nota eða í *Downloads* möppunni á tölvunni

Þegar installer er opnaður þá þarf að haka í „*I agree to the license terms and conditions*“ og síðan ýta á „*Install*“




Installer fer síðan í gegn án þess að það þurfi að setja inn einhverjar frekari upplýsingar.


Þá ætti *Safe Exam Browser* að vera kominn á tölvuna þína.

Fyrir Mac:


Þegar installer er sóttur þá kemur upp melding um hvort þú viljir opna þessa skrá sem er verið að sækja frá vefsíðunni, þar velur þú „Allow“



Eftir það mun installerinn koma niðri í hægra hornið á dock og þarf að velja hann þar (Ath. á Chrome kemur hann í valstikuna uppi hægra megin):



Þegar installer hefur verið opnaður þá þarf að draga *Safe Exam Browser* skrána yfir í „Applications“





Þá ætti *Safe Exam Browser* að vera kominn á tölvuna þína.


Nemendur með uppfærða Makka þurfa að leyfa “Location service” og “Full disk access” til að fá ekki upp villuboð (sjá myndir hér á eftir).

Muna að hafa stýrikerfi uppfært og sækja svo nýjustu útgáfu af SEB.

Mikilvægt er að gera “Replace”, ekki “Keep both” þegar nýr SEB er settur upp.









Að opna prófin:


Þegar Safe Exam Browser er kominn á tölvuna þá þarf að ýta á „Opna prófið í Safe Exam Browser.“




Þegar þetta er gert í **PC tölvu** að þá er möguleiki að það komi upp melding eins og á myndinni hér fyrir neðan, þar er best að haka við „Always allow...“ svo þetta komi ekki upp aftur og síðan er valið „Open.“



Þegar þetta er gert í **Mac** þá er möguleiki að það komi upp melding eins og á myndinni hér fyrir neðan, þá þarf að ýta á „Open“



Tölvan mun biðja up „Exam password“, þetta lykilorð er aðgengilegt hjá kennaranum sem þú ert í prófi hjá.



Ef einhverjar villumeldingar koma upp þegar búið er að setja inn lykilorðið og ýta á „Confirm“ þá er líklegt að tölvan sjái að það sé eitthvað forrit opið sem má ekki vera opið á meðan prófi stendur. Best er að loka **ÖLLUM** forritum nema próf forritinu áður en haldið er áfram.

Gangi þér vel.